

AUGLÝSING

**um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu
þjóðanna nr. 841 (1993), 873 (1993) og 875 (1993)
um refsiaðgerðir gegn Haítí.**

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 841 (1993), frá 16. júní 1993, nr. 873 (1993) frá 13. október 1993 og nr. 875 (1993) frá 16. október 1993, um refsiaðgerðir gegn Haítí og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

- 1) Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum á Haítí, eða öðrum aðilum vegna viðskipta sem stunduð eru á Haítí eða stjórnað þaðan, eldsneyti eða olíuvörur, vopn, vopnabúnað og skyldar vörur, þ.á m. skotfæri, farartæki til hernaðar, lögreglubúnað og varahluti fyrir þessar vörur, hvort sem þær eru upprunnar á Íslandi eða ekki. Auk þess er óheimilt að selja eða útvega slíkar vörur frá Íslandi eða nota til þess íslensk skip eða flugvélar. Starfsemi íslenskra ríkisborgara eða starfsemi á Íslandi, sem ætlað er að stuðla að slíkri sölu eða útvegun, er enn fremur óheimil.
 - 2) Öll umferð um landsvæði og landhelgi Haítí með eldsneyti eða olíuvörur, vopn, vopnabúnað og skyldar vörur, þ.á m. skotfæri, farartæki til hernaðar, lögreglubúnað og varahluti fyrir þessar vörur, í bága við 1. tl., er bönnuð.
 - 3) Aðilar á Íslandi sem hafa með höndum fjármuni, þ.á m. fjármuni sem myndast vegna eigna, sem tilheyra ríkisstjórn Haítí eða þeim aðilum sem nú fara þar með völd eða aðilum sem stjórnað er beint eða óbeint af þessum aðilum, skulu binda þá til að tryggja að þeir séu ekki beint eða óbeint aðilum sem nú fara með völd til ráðstöfunar eða hagsbóta. Þó má leysa fjármuni þessa undan bindingunni að beiðni Aristide forseta Haítí eða Malval forsætisráðherra.
 - 4) Í sérstökum tilvikum getur utanríkisráðherra heimilað undanþágur frá ofangreindum ákvæðum samkvæmt ákvörðun sérstakrar nefndar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sbr. ályktanir öryggisráðsins nr. 873 (1993) og 841 (1993).
Hver sá, sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðrlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.
- Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytið, 3. nóvember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hörður H. Bjarnason.